

Árið 2005, þriðjudaginn 13. desember, kl. 10.00, kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til **45. fundar** að Óseyri 2, Akureyri.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Kríuveitingar ehf, Hafnargötu 17, Grímsey, sækja um leyfi til að breyta áður samþykktum teikningum af veitingahúsi sem er viðbygging við verslunarhús í landi Sjálands, Grímsey, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá H.S.Á. teiknistofu, dags. 21.11. 2005, verk nr. 04202, sjá einnig 1. tölulið 24. fundar frá 20.04. 2004.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

2. K.F.J. Kranabílar, Rimasíðu 14, Akureyri, sækir um leyfi til að flytja sumarbústað úr Vaglaskógi á lóð nr. 7 í Kotabyggð í landi Veigastaða, Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Teiknistofunni sf., dags. í desember 1982, verk nr. 82021-1, sem til var af húsinu, en Adam Traustason hefur gert nýja afstöðumynd þar sem fram kemur staðsetning hússins á lóðinni.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

3. Anna Karlsdóttir, Litluhlíð, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi til að byggja sólskála við íbúðarhús að Litluhlíð, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá H.S.Á. teiknistofu, dags. 21.11.2005, verk nr. 88-304.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.**

4. Guðrún C. Þorgilsdóttir, Teigi, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi til að byggja einbýlishús á lóð úr landi Árbakka, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt meðfylgjandi teikningum eftir Benedikt Björnsson, dags. 10. nóv. 2005, verk nr. 101105.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið, en bendir á að miðað við fram lagðar teikningar er ekki ljóst hvort utanhúsklæðning á að vera bárujárn eða furuklæðning og mælst er til að tekin séu af tvímæli um það.**

5. Guðmundur Jón Guðmundsson, f.h. Holtsselsbúsins ehf., Holtsseli, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi til að afmarka og innréttu framleiðslurými og starfsaðstöðu á millilofti í fyrrum fjóshlöðu fyrir rjómáísgerð, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Teiknistofu Björns Jóhannssonar, dags. okt. 2005, verk nr. H05001.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.**

6. Viðar Þorbjörnsson, Dalsgerði 1 G, Akureyri, sækir um leyfi til að byggja einbýlishús á lóð nr. 7 við Sunnutröð, Reykárhverfi, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá H.S.Á. teiknistofu, dags. 10.11. 2005, verk nr. 03-301.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:20

Hreiðar Hreiðarsson  
Klængur Stefánsson  
Jónas Baldursson  
Jósavin Gunnarsson

Bragi Pálsson  
Kristján Kjartansson

Valtýr Sigurbjarnarson ritaði fundargerð.